

**325. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 5. maí 2025 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædis Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri, Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri og Gróa Dagmar Gunnarsdóttir fulltrúi skipulags og umhverfis.

**Fundargerð ritaði:** Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, fulltrúi skipulags og umhverfismála.

**Fyrir tekið:**

**1. 2502161 - Nýtt deiliskipulag Kirkjubraut**

Kynning á umferðargreiningu á Kirkjubraut. Albert Skarphéðinsson frá Elfu kynnir niðurstöður á umferðar talningu á Kirkjubraut.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Alberti fyrir greinagóða kynningu og felur skipulagsfulltrúa áframhaldandi vinnu í málinu.*

*Gestir víkja af fundi.*

**2. 2502156 - Grundaskóli - lausar kennslustofur (gámar)**

Umræða um sölu og nýtingu á lausum kennslustofum (gámum) við Grundaskóla.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að setja allar lausar kennslustofur í almennt útboðsferli.*

**3. 2504121 - Bjarkargrund 26 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa varðandi skipulagsbreytingu á Bjarkargrund 29. Sótt er um að bæta við 2. hæð.

*Skipulags- og umhverfisráð frestar afgreiðslu málsins.*

**4. 2504198 - Grundaskóli - lóðarhönnun 2025**

Verkefnastjóri kynnir stöðu hönnunar á lóð Grundaskóla.

*Skipulags- og umhverfisráð felur verkefnastjóra að kynna fyrirbyggjandi hönnun og tillögu að forgangsröðun fyrir skóla- og frístundaráði.*

**5. 2302122 - Álmskógar 17 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Uppfærð gögn vegna sólstofu á Álmskógum 17 lögð fram.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum Álmskóga 15, 16, 18, 19, 20 og Eikarskóga 8 og 10.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:34.**

*Sædis Alexía Sigurmundsdóttir*  
*Anna Sólveig Smáradóttir*